

Grindavíkurbær
Atli Geir Júlíusson
Víkurbraut 62
240 Grindavík

Reykjavík, 19. október 2023
UST202310-162/A.B.
09.04.00

Efni: Umsögn - Umsókn um leyfi til framkvæmda við Þorbjörn

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Grindavíkurbæjar er barst 12. október sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum við Þorbjörn

Í erindinu kemur fram fyrirhugað er að fara í framkvæmdir við gerð bílastæða, áningarstaða og göngustíga við fjallið Þorbjörn sem eru í samræmi við nýsamþykkt deiliskipulag.

Umhverfisstofnun bendir á að stofnunin veitti umsögn varðandi verkefnið dags. 11. janúar sl.¹

Stígar í hrauni

Í verkefninu er gert ráð fyrir stíg sem mun liggja í hrauni sem nýtur sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. náttúruverndarlaga. Samkvæmt náttúruverndarlögum ber að forðast röskun á hrauni, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi.

Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Í erindinu kemur fram að núverndi stígurinn meðfram fellinu er orðin talsvert skemmdur og hættulegur, og svo virðist að ekkert lát sé á jarðhræringum enn sem komið er. Lagt er til að leggja nýjan stíg á þessum kafla í öruggri fjarlægð frá fellinu, gegnum hraunsvæði að hluta.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að til að vernda hraunið og ásýnd svæðisins sem er á náttúruminjaskrá. Því er mikilvægt að stígurinn í hrauninu sé að allt að tveir metrar en ekki sett skilyrði að hann verði að vera tveir metrar og hann geti farið niður í 1- 1,2 metra til að vernda hraunið. Umhverfisstofnun tekur undir það sem kemur fram í erindinu að stígurinn sé hælaður á staðnum og jafnvel innmældur.

Umhverfisstofnun getur verið sveitarfélaginu til ráðgjafar varðandi staðarval ef þess er óskað.

¹ [https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%20c3%b6gn%20c3%9eorbj%20c3%b6rn%20-%20Copy%20\(1\).pdf](https://ust.is/library/sida/Umhverfisstofnun/Ums%20c3%b6gn%20c3%9eorbj%20c3%b6rn%20-%20Copy%20(1).pdf)

Virðingarfyllt,

Axel Benediktsson

sérfræðingur

Björn Stefánsson

sérfræðingur